

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald til að standa undir kostnaði sveitarfélagsins af sorphirðu og sorpeyðingu.

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Skútustaðahrepps og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld. Auk þess er innheimt gjald af frístundahúsum með sama hætti.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald í Skútustaðahreppi er sem hér greinir:

- a. Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á íbúð/íbúðarhúsnæði 46.449 kr.
- b. Frístundahús og hús þar sem ekki er föst búseta 23.225 kr.
- c. Sorptunnugjald fyrir nýja tunnu 21.045 kr.
Gjalddagar eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.
Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorphirðugjaldsins vera samkvæmt reikningi fyrir sannanlegum kostnaði.
- d. Verð á klippikorti fyrir gámasvæði (4 m³ af úrgangi), fyrir heimili 9.395 kr.
Eitt ókeypis kort fylgir hverju heimili einu sinni á ári.
- e. Gjöld lögaðila vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð eru eftirfarandi:
Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða móttöku- og flutningsgjald kr. 4.510 og urðunargjald kr. 4.885 eða samtals kr. 9.395.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals móttöku- og flutningsgjald kr. 42,25 og kr. 50,19 urðunargjald og fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætast kr. 4.534 móttöku og flutningsgjald og kr. 4.876 urðunargjald.
Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, s.s.: pappaumbúðir, plastumbúðir, hjólbarða, heyrúlluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur gjaldskrá nr. 1224/2017 um sorphirðu í Skútustaðahreppi úr gildi.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar, 25. nóvember 2020.

Sveinn Margeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 2. febrúar 2021